



**HAFRANNSÓKNASTOFNUN**

Rannsókná- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

Nefnda- og greiningarsvið Alþingis  
Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis

Hafnarfirði, 22.03.2024

Vísað er til erindis sem barst frá nefndar- og greiningasviði Alþingis þann 12. mars 2024 þar sem Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis óskar eftir umsögn um tillögu til þingsályktunar um stefnu Íslands um málefni hafsins, 560. mál.

Þar er lagt til að setja á fót starfshóp um mótun stefnu Íslands um málefni hafsins, með það að leiðarljósi að Ísland marki sér stöðu sem framsækið ríki þegar kemur að loftslagsbreytingum og verndun og sjálfbærri nýtingu líffræðilegs fjölbreytileika sjávar, bæði hér á landi og á alþjóðavettvangi.

Öflug vöktun og rannsóknir á nytjastofnum sjávar síðustu áratugi hafa reynst undirstaða sjálfbærra veiða og er mikilvægt að viðhalda þeirri vinnu og áherslum sem vel hafa reynst þar. Síðustu áratugi hafa þó einnig verið að bætast við nýjar áskoranir og áherslur sem hafinu tengjast og má þar nefna víðtækar umhverfisbreytingar af manna völdum, loftslagsbreytingar og súrnun sjávar, auk nýrra áhersla á vernd líffræðilegrar fjölbreytni og vernd viðkvæmra búsvæða. Samtímis hefur áhugi á nýtingu hafsvæða, s.s. vegna eldis, orkuframleiðslu og námuvinnslu verið að aukast.

Þessum breyttu áherslum fylgja áskoranir, bæði í rannsóknnum en einnig vegna þess að snertifletir við ráðuneyti og stofnanir eru fleiri en áður. Í stað þess að áhersla sé á atvinnuvegi og beina nýtingu þá hefur verið sívaxandi áhersla á umhverfismál. Mikilvægt er að ráðuneyti og stofnanir séu samstíga um aðgerðir og áherslur í tengslum við hafið en þar má nefna enda þarf að horfa til margra þátta samhliða, s.s. stjórn nýtingar fiskveiða- og eldis, land-, strand- og hafskipulags, vatnamála, orkumála. Alla þessa þætti þarf að skoða í samhengi við þær umfangsmiklu umhverfisbreytingar sem eru að eiga sér stað og breyttar áherslur héraðs og á alþjóðavettvangi.

Hafrannsóknastofnun tekur undir mikilvægi þess að heildarstefna sé mótuð fyrir málefni hafsins á Íslandi og er tilbúin að koma að þeirri vinnu. Benda má þó á að ólíklegt er að þau tímamörk sem fram koma náist.

F.h. Hafrannsóknastofnunar, rannsókná- og ráðgjafarstofnunar hafs og vatna,

Hrönn Egilsdóttir

Sviðsstjóri umhverfissviðs